

**LANDSPÍTALI**  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

23. október 2020

Fundur lækna ráðs  
Landspítala

# Dagskrá lokafundar lækna ráðs Landspítala

## 23. október 2020

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrslur nefnda
3. Undirbúningsnefnd um stofnun og hlutverk nýs lækna ráðs kynnt
4. Önnur mál

# Stjórn lækna ráðs 2019-20

Formaður: Ebba Margrét Magnúsdóttir

Varaformaður: Anna Margrét Halldórsdóttir (starfandi formaður frá desember 2019)

Svið	Aðalmaður	Varamaður
Geðsvið	Rannveig Pálsdóttir	Halldór Kolbeinsson
Kvenna og barnasvið	Matthildur Sigurðardóttir	Sveinn Kjartansson
Lyflækningasvið	Guðni Arnar Guðnason	Ragnar Pálsson
Rannsóknarsvið	Emil Jón Ragnarsson	Guðrún Svanborg Hauksdóttir
Skurðsvið	Rafn Hilmarsson	Svanheiður Lóa Rafnsdóttir
Aðgerðarsvið	Theódór Skúli Sigurðsson	Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir
Flæðisvið	Guðrún María Svavarsdóttir	Pórhildur Kristinsdóttir
Fulltrúi deildarlækna	Guðrún Ása Björnsdóttir	Berglind Bergmann Sverrisdóttir





## STARFSREGLUR LÆKNARÁÐS LANDSPÍTALA

### I. kafli Skipan og hlutverk

#### 1. grein. Skipan læknaáráðs

Við Landspítala skal starfa læknaáráð í samræmi við ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu. Í læknaáráðinu eiga sæti allir þeir lækna sjúkrahússins sem ráðnir hafa verið til starfa til eins árs eða lengur. Rétt til fundasetu með tillögurétti, en án atkvæðisréttar, eiga aðrir lækna Landspítalans. Formaður læknaáráðs sker úr, leiki vafi á um rétt til fundarsetu eða um tillögu- og atkvæðisrétt.

#### 2. grein. Hlutverk læknaáráðs

Læknaáráð skal vera stjórnendum Landspítalans til ráðuneytis um læknafræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, enda ber forstjóra og framkvæmdastjórn að leita álits læknaáráðs á því sem varðar læknaþjónustu sbr. 13. gr. laga nr. 40/2007. Læknaáráð skal vera stjórnendum til ráðuneytis í málum er varða stefnumótun sjúkrahússins, þróun og skipulag, stjórnun og rekstur, samstarf og samhfæingu starfskrafta, þjónustu við sjúklinga, menntun lækna, læknaema og annars starfslíðs og vísindastarf.

#### 3. grein. Starfshættir læknaáráðs.

Læknaáráði og nefndum þess ber að stuðla að gæðum læknaþjónustu á Landspítala þannig að lækningar séu á hverjum tíma í samræmi við lög, þekkingu, viðurkennda reynslu og gæðastaðla. Á sama hátt skal læknaáráð stuðla að gæðum og eflingu vísindarannsóknar og menntunar lækna, læknaema og annarra heilbrigðisstétta. Læknaáráð getur hvenær sem er tekið mál til umræðu og meðferðar að eigin frumkvæði auk þeirra mála sem stjórnendur spítalans eða heilbrigðismála leggja fyrir ráðið. Við val og framkvæmd verkefna á vegum ráðsins ber að gæta hagkvæmni og halda kostnaði í samræmi við fjárheimildir.



### VI. kafli Breytingar á starfsreglum

#### 14. grein. Breytingar á starfsreglum

Stjórn læknaáráðs eða einstakir meðlimir ráðsins geta gert tillögur til breytinga á starfsreglum. Allar slíkar tillögur skulu vera með skriflegum hætti og hafa borist stjórn læknaáráðs eigi síður en einni viku fyrir aðalfund. Hafi þær borist fyrir boðun aðalfundar ber stjórn ráðsins að senda þær út með aðalfundarboði. Tillögur til breytinga á starfsreglum skulu ræddar og bornar undir atkvæði á aðalfundi. Til samþykktar þarf tvo þriðju hluta greiddra atkvæða.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

1. Í fyrsta sinn skal kjósa í valnefnd á almennum læknaáráðsfundi haustið 2010. Stjórn læknaáráðs ber ábyrgð á því að kosningu sé lokið fyrir 1. janúar 2011.
2. Fyrsta stjórn læknaáráðs samkvæmt hinum nýju starfsreglum skal kosin á aðalfundi læknaáráðs voríð 2011.

Starfsreglur þessar taka gildi á aðalfundi læknaáráðs Landspítala í maí 2010

Landspítala, 21. maí 2010

Björn Zoëga  
forstjóri Landspítala

Þorbjörn Jónsson  
formaður læknaáráðs Landspítala

# Starfsárið 2019-2020: Helstu mál

Nýtt skipurit Landspítala

Jafnlaunavottun á Landspítala

**Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (þjónustustig, fagráð o.fl.)**

Málefni bráðamóttöku Landspítala

Læknabréf í Sögu

Starfsálag og mönnun lækna á Landspítala

Starfsreglur lækna ráðs – endurskoðun vegna nýs skipurits Landspítala

Starfsaðstaða lækna á nýjum Landspítala

# Jafnlaunavottun á Landspítala

- Jafnlaunavottun var lögfest á Íslandi í júní 2017. Til þess að jafnlaunavottun fái þurfa fyrirtæki að útbúa jafnlaunakerfi sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins [ÍST 85:2012](#). Aðalmarkmiðið með innleiðingu jafnlaunastaðalsins er að tryggja launajafnrétti.
- Landspítali ákvað að nota [starfsmatskerfi fengið frá NHS \(National Health Service\)](#) í Bretlandi til að flokka störf spítalans fyrir jafnlaunakerfi. Starfsmatskerfi NHS er notað til launasetningar í Bretlandi fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir en ekki fyrir lækna.
- Að mati lækna ráðs og fleiri aðila virðist kerfið illa fanga faglega og sérstæða ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga, vísindavinnu og kennslu, eða ná utan um menntunarkröfur sem gerðar eru til lækna, þekkingu þeirra, þjálfun og reynslu.



## Ályktun stjórnar lækna ráðs Landspítala varðandi jafnlaunavottun

Körlum og konum sem vinna hjá sama launagreiðanda skulu greidd jöfn laun fyrir sömu störf samkvæmt lögum um jafna stöðu og rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Breytingar á þeim lögum frá árinu 2017 skylda fyrirtæki með 25 starfsmenn eða fleiri til að fá jafnlaunavottun að undangenginni úttekt. Þurfa fyrirtæki því að flokka sömu eða jafnverðmæt störf saman til að geta metið hvort jafnrétti ríki í launasetningu.

Til þess að flokka störf innan Landspítalans hefur Landspítalinn ákveðið að nota breskt starfsmatskerfi NHS (*National Health Service*) með minniháttar breytingum. Lækna ráð veur athygli á því að breska kerfið tekur ekki til lækna og endurspeglar því ekki eðli og inntak læknisstarfsis. Mikilvægt er að bæði lengd læknanáms og endanleg ábyrgð lækna á greiningu og meðferð sjúklinga séu metin að verðleikum.

Enn fremur telur lækna ráð að sú leið Landspítalans að fela hópi starfsmanna spítalans að velja og þróa starfsmatskerfi sé röng enda getur sú aðferðafræði aldrei talist óbjöguð.

Lækna ráð fagnar því að Landspítalinn vinni að því að starfsmenn sem gegna sömu eða jafnverðmætum störfum fái greidd sambærileg laun. Jafnframt skorar lækna ráð á Landspítala að taka til gagngerrar endurskoðunar þá leið sem valin var til jafnlaunavottunar. Lækna ráð telur að farsælast sé að leita til óháðra ytri sérfræðinga til þess að útfæra leið að jafnlaunavottun eins og flest önnur stórfyrirtæki landsins hafa gert.

3. apríl 2019

## Ályktun lækna ráðs Landspítala um jafnlaunavottun

Almennur lækna ráðsfundur þann 15. nóvember 2019 mótmælir harðlega því breska kerfi sem Landspítalinn hefur valið að nota til jafnlaunavottunar. Þrátt fyrir ítrekuð andmæli og virka upplýsingagjöf af hálfu lækna ráðs og læknafélaga hafa stjórnendur spítalans haldið áfram að meta störf lækna með tæki sem tekur hvorki tillit til eðlis læknisstarfsins né menntunarkröfu lækna. Læknar munu hvorki sætta sig við að þeirra sjónarmið verði hunsuð, né að spítalinn fái jafnlaunavottun með þessum hætti, í andstöðu við lækna. Lækna ráð hvetur yfirstjórn spítalans til þess að hverfa af þessari braut en nota þess í stað jafnlaunakerfi sem aðrar íslenskar heilbrigðisstofnanir hafa notað með farsælum hætti.

Samkvæmt forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, er ólíklegt að það takist að klára innleiðingarferli jafnlaunavottunar hjá þeim fjölmörgu stofnunum sem samkvæmt lögum skuli öðlast vottun fyrir áramót. Því telst eðlilegt að Landspítalinn, sem langstærsti vinnustaður landsins, taki sér þann tíma sem til þarf að ljúka undirbúningi jafnlaunavottunar í fullri sátt við allar starfsstéttir spítalans.





# Vottorð

Versa vottun ehf. staðfestir hér með að

## Landspítalinn

Kt: 500300-2130

Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík

starfrækir jafnlaunakerfi sem uppfyllir kröfur

**ÍST 85:2012**

## Jafnlaunakerfi - Kröfur og leiðbeiningar

Umfang vottunar:

Öll laun og öll kjör alls starfsfólks Landspítalans

Vottorð nr. VV-85-2



**Versa | Vottun**

Dagsetning útgáfu: 31.01.2020

Gildir til: 30.01.2023

Með fyrirvar um árangursríkar eftirlitsúttekir

*Anna Þorfinnsdóttir*  
Framkvæmdastjóri

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um  
heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (þjónustustig, fagráð o.fl.)

Ferill málsins og aðkoma lækna ráðs



Lagasafn. Íslensk lög 20. janúar 2019. Útgáfa 149a. Prenta í [tveimur dálkum](#).

## Lög um heilbrigðisþjónustu

2007 nr. 40 27. mars

*Ferill málsins á Alþingi. Frumvarp til laga.*

Tóku gildi 1. september 2007. Breytt með [1. 160/2007](#) (tóku gildi 1. jan. 2008), [1. 12/2008](#) (tóku gildi 1. apríl 2008), [1. 112/2008](#) (tóku gildi 1. okt. 2008 nema 12. tölul. 59. gr. sem tók gildi 25. sept. 2008; komu til framkvæmda skv. fyrir mælum í 2. mgr. 56. gr.), [1. 59/2011](#) (tóku gildi 30. sept. 2011), [1. 28/2012](#) (tóku gildi 1. jan. 2012), [1. 112/2018](#) (tóku gildi 1. jan. 2018).

Ef í lögum þessum er getið um eða til þess vísað, er átt við heilbrigðisþjónustu. Upplýsingar um málefna svið r

- **13. gr. Fagráð.**
- Á háskóla- og kennslusjúkrahúsum skulu vera starfandi lækna ráð og hjúkrunarráð og eftir atvikum önnur fagráð. Heimilt er að starfrækja slík ráð á öðrum heilbrigðisstofnunum.
- Læknum, hjúkrunarfræðingum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa á heilbrigðisstofnun er heimilt að hafa með sér eitt sameiginlegt fagráð.
- Fagráð, þ.m.t. lækna ráð og hjúkrunarráð þar sem þau eru starfandi, skulu vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðuneytis um fagleg atriði í rekstri heilbrigðisstofnunar. Ber að leita álits fagráða um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar, þar á meðal eftir því sem við á álits lækna ráðs um lækniþjónustu og álits hjúkrunarráðs um hjúkrunarþjónustu.
- Fagráð skulu setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af forstjóra.

# Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (þjónustustig, fagráð o.fl.)



**Samráðsgátt**

– opið samráð stjórnvalda við almenning



Samráð fyrirhugað  
18.09.2019—09.10.2019



Til umsagnar  
18.09.2019—09.10.2019



Niðurstöður í vinnslu frá  
09.10.2019



Niðurstöður birtar  
08.07.2020

[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1482#advices](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1482#advices)

150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

# Frumvarp til breytinga á lögum

um heilbrigðisþjónustu

Frá heilbrigðisráðherra.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

- a. 3. mgr. orðast svo: Um skyldur og ábyrgð forstjóra heilbrigðisstofnana gilda lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.
- b. 4. mgr. fellur brott.

11. gr.

10. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Fagstjórnendur*

Á heilbrigðisstofnun skulu starfa einn eða fleiri fagstjórnendur sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra.

12. gr.

11. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Fagráð*

Á heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu skal vera starfandi sérstakt fagráð. Fagráð mynda fulltrúar allra heilbrigðisstétta sem starfa á stofnuninni og er það forstjóra heilbrigðisstofnunar til ráðuneytis um málefni hennar. Forstjóra bera að leita álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar.

Fagráð skulu setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af forstjóra.

13. gr.

12. gr. og 13. gr. laganna ásamt fyrirsögnum falla brott

## Um 12. gr.

Ákvæðið kveður á um að sérstakt fagráð skuli vera starfandi á heilbrigðisstofnunum. Fagráð mynda fulltrúar allra heilbrigðisstétta og skal vera forstjóra heilbrigðisstofnunar til ráðuneytis um málefni hennar. Forstjóri skal leita álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu stofnunarinnar. Í gildandi lögum er kveðið á um skyldu háskóla- og kennslusjúkrahúsa til að vera með starfandi lækna ráð og hjúkrunarráð og eftir atvikum önnur fagráð. Með þeim breytingum sem lagðar eru til með frumvarpi þessu er lagt til heilbrigðisstarfsmenn hvernar heilbrigðisstofnunar sem reknar eru af ríkinu skuli mynda sameiginlegt fagráð sem sé forstjóra til ráðgjafar. Með þeim breytingum sem frumvarpið leggur til er leitast við að allar starfsstéttir leysi sín mál í samvinnu hvor við aðra, enda sé markmiðið að sjúklingar fái sem besta þjónustu. Í því samhengi þykir rétt að fella brott úr gildandi lögum að starfa skuli lækna ráð og hjúkrunarráð en þess í stað komi ráð allra fagstétta heilbrigðisstarfsmanna innan heilbrigðisstofnana forstjóra til ráðgjafar. Að auki er lögð til sú breyting að á öllum heilbrigðisstofnunum sé skylt að mynda sameiginleg fagráð fulltrúa heilbrigðisstafsmanna innan viðkomandi stofnunar. Í gildandi lögum hvílir sú skylda einungis á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri.



## **Umsögn stjórnar lækna ráðs Landspítala um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007**

Þann 18.09.2019 voru birt á samráðsgátt *Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007* af hálfu heilbrigðisráðuneytisins með umsagnarfrest til 2. október 2019. Samkvæmt heilbrigðisráðuneyti er frumvarpið lagt fram til að samræma lög um heilbrigðisþjónustu við nýsamþykka heilbrigðisstefnu. Meðal annars eru gerðar breytingar á kafla laganna um stjórnir heilbrigðisstofnana en um er að ræða umfangsmiklar breytingar á mörgum greinum laganna.

Lækna ráð Landspítala álitur að boðaðar breytingar á stjórnun spítalans séu á ýmsan hátt slæmar og miði að því að skilgreind ábyrgð þjónustu verði öll á höndum eins aðila - forstjóra. Meðal annars verða bæði lækna ráð og hjúkrunarráð lögð niður en í stað þeirra komi eitt fagráð skipað fulltrúum allra fagstétta. Lækna ráð hefur um langt árabil komið að mörgum erfiðum málum sem snerta þjónustu við sjúklinga og starfsumhverfi lækna, eins og sjá má þegar ályktanir lækna ráðs eru skoðaðar. Í mörgum þessara mála hefur lækna ráð lagt stjórn spítalans lið og bent á hvar skórinn kreppir hvað varðar fjármögnun spítalans og stuðning stjórnvalda. Í öðrum tilvikum hefur lækna ráð komið með málefnalega gagnrýni á stjórn spítalans þegar áhyggjur hafa vaknað um gæði þjónustu eða aðstæður starfsfólks. Lækna ráð telur að það muni hvorki þjóna hagsmunum sjúklinga né starfi spítalans verði rödd lækna ráðs þöggud niður með þessum hætti.

01.10.2019

## Umsögn stjórnar lækna ráðs Landspítala um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007

Meðal annarra atriða eru að breytingar á skipuriti stofnana þurfi ekki að öðlast samþykki heilbrigðisráðherra. Það getur varla talist heppilegt að forstjóri heilbrigðisstofnana hafi einn umboð til þess að gera grundvallarbreytingar á ábyrgðarsviðum og stjórnun stofnana.

Að auki verður ekki lengur skylt að hafa framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar við heilbrigðisstofnanir heldur komi í þeirra stað einn eða fleiri fagstjórar sem beri ábyrgð á faglegri þjónustu stofnunar gagnvart forstjóra. Það er með öllu óljóst hvaða fag viðkomandi fagstjórar eigi að standa fyrir og hvaða kröfur þeir þurfi að uppfylla til þess að bera ábyrgð á faglegri þjónustu. Ekki er tekið fram hver verður ábyrgðaraðili lækniþjónustu viðkomandi stofnunar enda er engin krafa um lækni menntaðan fagstjóra í nýjum lögum. Einnig er fjarlægð grein úr lögum sem kveður á um að yfirlæknar sérgreina/deilda skuli bera faglega ábyrgð á þeirri lækniþjónustu sem undir þá heyrir. Þannig má segja að lækni fræðileg ábyrgð á meðferð sjúklunga á heilbrigðisstofnunum sé algjörlega óskilgreind í nýjum lögum.

Lækna ráð álitur að ofangreindar breytingar séu vanhugsaðar. Hlutverk heilbrigðisstofnana er að þjóna sjúklingum og lækniþjónusta, ásamt hjúkrun, er kjarni sérhverrar góðrar heilbrigðisþjónustu. Til þess að tryggja góða þjónustu við sjúklinga þarf ábyrgð lækna að vera skýr og skilgreind.

Að lokum lýsir lækna ráð yfir vonbrigðum með algjöran skort á samráði og upplýsingagjöf við smíði frumvarpsins, en ekki var leitað til lækna ráðs Landspítala, Lækna félags Íslands eða Landlæknis. Það geta ekki talist góð vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins að gera stórfelldar breytingar á stjórnun heilbrigðisstofnana án þess að leita álits helstu fagaðila.

Lækna ráð skorar á heilbrigðisráðherra að draga til baka umrætt lagafrumvarp.



Útbýtingardagur	Þingskjal	Flutningsmaður
02.12.2019	603 stjórnarfrumvarp	heilbrigðisráðherra

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007 (þjónustustig, fagráð o.fl.).

Frá heilbrigðisráðherra.

10. gr.

13. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:


*Fagráð.*

Á heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu skal starfa sérstakt fagráð sem forstjóri heilbrigðisstofnunar skipar.

Forstjóra ber að leita álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu, rekstur og skipulag heilbrigðisstofnunarinnar.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipan og verklag fagráða heilbrigðisstofnana.

## Umræða í þingsal

Dags. umræðu	Þingfundur	Tími umræðu	Tegund umræðu
04.12.2019	40. fundur	17:13-17:34 <a href="#">Horfa</a> 	1. umræða — 2 atkvæðagreiðslur

Málið gekk til [velferðarnefndar](#) 04.12.2019.

Framsögumaður nefndarinnar: Ólafur Þór Gunnarsson.

Umsagnabeiðnir [velferðarnefndar](#) sendar 09.12.2019, frestur til 13.01.2020

## 2. umræða

+ Umfjöllun í nefndum

# Öll erindi í 439. máli: heilbrigðisþjónusta

(þjónustustig, fagráð o.fl.)

150. löggjafarþing.

## Erindi og umsagnir

Smella má á fyrirsögn dálks til að raða eftir honum.

Sendandi	Tegund erindis	Viðtakandi	Komudagur	Dbr.
<a href="#">Embætti landlæknis</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1195
<a href="#">Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1060
<a href="#">Félag læknanema</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1152
<a href="#">Félag sjúkráþjálfara</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1066
<a href="#">Hjúkrunarráð Landspítala Háskólasjúkrahúss</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1196
<a href="#">Landspítalinn</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1097
<a href="#">Landspítalinn</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1197
<a href="#">Læknafélag Íslands</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1085
<a href="#">Læknaráð Landspítala</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	10.01.2020	1002
<a href="#">Læknaráð Sjúkrahússins á Akureyri</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1080
<a href="#">Samband íslenskra sveitarfélaga</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	17.02.2020	1311
<a href="#">Sjúkrahúsið á Akureyri</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1073
<a href="#">Sjúkraliðafélag Íslands</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1051
<a href="#">Vinnuhópur - Skjúkrahúsið á Akureyri</a>	umsögn	<a href="#">velferðarnefnd</a>	13.01.2020	1069

[Öll erindi í einu skjali](#)

[+ Aðgengi að erindum](#)

## Umsögn stjórnar læknaáðs

### Inngangur:

Þann 18.09.2019 voru birt á sam  
40/2007 af hálfu heilbrigðisráðu  
frumvarpið lagt fram til að samr.

Þann 1. október 2019 var lögð fr  
(<https://samradsgatt.island.is/ol>)  
frumvarpsdraganna sem fjalla u  
draga frumvarpið til baka. Lækn:

1. Að læknaáð og hjúkruna
2. Að skipurit stofnana þur
3. Að ekki verði lengur skylt  
heilbrigðisstofnanir
4. Að fjarlægð verði grein s  
læknisþjónustu sem und

Auk þess harmaði læknaáð sko

Stjórn læknaáðs ítrekar þau sjó  
október. Því miður var ekki tekið  
öðru leyti en því að hætt var við  
á heilbrigðisstofnunum (sjá lið 3  
sérgreina og samþykki skipurits

Alls voru lagðar fram 25 umsagn  
og stofnana. Meðal annars komu  
Reykjavíkur, en einnig Félagi ísle  
á Landspítala. Allir ofangreindir  
þess í stað eitt sameiginlegt fagr

### Umsögn:

Lagt er til að **13. grein** í nógilda  
verði við breytingar sem koma

#### Núgildandi lög:

- **13. gr. Fagråd.**
- Á háskóla- og kennslusjúka  
atvikum önnur fagråd. Heimni

#### Frumvarp til laga:

13. gr. laganna orðast sv

Á heilbrigðisstofnunum  
heilbrigðisstofnunar skipar.  
Forstjóra ber að leita álit  
ustu, rekstur og skipulag hei  
Ráðherra skal í reglugerð

Eftirfarandi eru meðal þeirra sj  
til að rökstyðja mikilvægi lækni:

- Mikill meirihluti allrar klíní  
eðlilegt að þessar tvær lan  
forstjóra stofnunar til ráðu  
í faglegri stjórnun í heilbrig  
• Á stærri heilbrigðisstofnun  
heilbrigðisstéttir eru 35 tal  
Erfitt er sjá fyrir sér að eitt  
faglegur vettvangur. Sömul  
afmörkuð starfssvið og/eð  
hjúkrunarfræðingar í umra  
framlagi ólíkra fagstétta.
- Þar sem lækningar og hjúki  
bak að leggja niður lækna-  
huga að forstjóri heilbrigði  
að geta leitað sér ráðgjafar  
sjúklinga.
- Í greinargerð með frumvar  
"Með þeim breytingum ser  
málum í samvinnu hver við

sameiginlegt fagråd fagstétta  
ráðgjafar." Þessi skýring á fyri  
læknaáðs og hjúkrunaráðs s  
sjúklingum bestu mögulegu h  
eða ágreiningi á milli ólíkra fa  
nota annað heiti en fagråd, til

- Þegar er til staðar heimild í 13  
hefur þessi heimild verið nýtt  
heilbrigðisstéttir nú þegar tæl  
sinu sviði, óski þær þess. Í ljós  
lagðar eru til.

Lagt er til að **10. grein** í nógildandi  
sem koma fram í frumvarpinu um  
brott.

#### Núgildandi lög:

- **10. gr. Fagstjórsmendur.**
- Á heilbrigðisstofnun skal starfa fu  
atvikum aðrir faglegir yfirlitarmenn  
forstjóra.
- Yfirlitarmenn sérgreina eða sérdeilda  
læknisþjónustu sem undir þá heyrir  
samkvæmt skipulagi stofnunar.
- Deildarstjórnar hjúkrunar trossar  
sem undir þá heyrir gagnvart framki  
skipulagi stofnunar.
- Aðrir fagstjórsmendur trossar h  
veita og undir þá heyrir í samr

#### Frumvarp til laga:

Eftirfarandi breytingar verða á  
a. 2. og 3. mgr. falla brott.  
b. Orðin „aðrir“ í 4. mgr. felur

Í umræddu frumvarpi til laga hefu  
sérgreina/deilda skuli bera fagleg;  
telur þessa breytingu vanhugsaða

eftirlit með starfsemi viðkomandi sérgreinar eða sérdeilda  
læknisfræðilegum kröfum um gæði þeirrar þjónustu sem þa  
læknir með skilgreinda stjórnunarábyrgð getur axlað þessa  
viðkomandi heilbrigðisstofnun. Mikilvægt er að sú ábyrgð sé  
læknisfræðileg ábyrgð á meðferð sjúklinga sé algjörlega óski

Lagt er til að **11. grein** í nógildandi lögum um skipurit haldist  
koma fram í frumvarpinu um að 11. grein falli brott. Einnig  
stofnana skuli lögð fyrir stjórn heilbrigðisstofnunar, verði sli

#### Núgildandi lög:

- **11. gr. Skipurit heilbrigðisstofnana.**
- Forstjóri heilbrigðisstofnunar skal í samráði við framkvæm  
stofnunar og skal hún lögð fyrir ráðherra til staðfestingar.

#### Frumvarp til laga:

9. gr.  
11. gr. og 12. gr. laganna ásamt fyrirsögnum falla brott.

Í frumvarpinu koma fram þær breytingar að skipurit stofnan  
heilbrigðisráðherra. Það getur varla talist heppilegt að forstj  
þess að gera grundvallarbreytingar á ábyrgðarsviðum og stj

Margir hafa bent á kosti þess að skipuð verði stjórn yfir stær  
Landspítala. Forstjóri Landspítala, sem þjóðarsjúkrahúss, væ  
þannig ættu fulltrúar fagfólks sterka aðkomu að stjórnkerfi  
að ráða forstjóra, hafa eftirlit með störfum framkvæmdastj  
heildarstefnu fyrir stofnunina. Slik tilhögun myndi samrýma  
fyrirtækja og stofnana, þar sem áhersla er lögð á aðgreining  
framkvæmdavaldí.

Meðfylgjandi í fylgiskjali er umfjöllun um sögu og hlutverk læknaáðs Landspítala og fastanefnda sem  
starfa á vegum læknaáðs.

Læknaáð skorar á Alþingi að taka til gagnarrar endurskoðunar umrætt frumvarp til laga samanber  
ofangreindar ábendingar stjórnar læknaáðs.

Læknaáð óskar eftir því að koma fyrir Velferðarnefnd Alþingis til að ræða og rökstyðja sin sjónarmið.

Fyrir hönd stjórnar læknaáðs Landspítala

*Anna M. Halldóttir*

Anna Margrét Halldórsdóttir  
Starfandi formaður læknaáðs Landspítala

# Umfjöllun Velferðarnefndar Alþingis

Frá nefndasviði Alþingis  
Góðan dag

Á fundi velferðarnefndar sem haldinn verður fimmtudaginn 27. febrúar verður til umfjöllunar frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu (þjónustustig, fagráð o.fl.), 439. mál  
<https://www.althingi.is/altext/150/s/0603.html>

Eftirtaldir aðilar eru beðnir um að mæta á fundinn:

Kl. 13:00

Læknaráð Landspítala  
Hjúkrunarráð Landspítala

Kl. 13:20

Læknafélag Íslands  
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga

Kl. 13:50

Félag sjúkraþjálfara  
Sjúkraliðafélag Íslands

Kl. 14:00

Landspítalinn

Kl. 14:30

Samband íslenskra sveitarfélaga

Kl. 14:50

Sjúkrahúsið á Akureyri  
Vinnuhópur SAK

Kl. 15:10

Embætti landlæknis

Mættu fyrir hönd stjórnar  
læknaráðs á fund með  
Velferðarnefnd Alþingis 27.  
febrúar 2020

- Anna Margrét Halldórsdóttir
- Theódór Skúli Sigurðsson

## Umræða í þingsal

Dags. umræðu	Þingfundur	Tími umræðu	Tegund umræðu
15.06.2020	117. fundur	17:41-18:56 <a href="#">Horfa</a>	2. umræða
15.06.2020	117. fundur	20:01-20:38 <a href="#">Horfa</a>	2. umræða
15.06.2020	117. fundur	20:44-20:51 <a href="#">Horfa</a>	2. umræða — 6 atkvæðagreiðslur

Málið gekk til [velferðarnefndar](#) 15.06.2020.

Framsögumaður nefndarinnar: Ólafur Þór Gunnarsson.

## 3. umræða

+ Umfjöllun í nefndum

## Þingskjöl

Útbýtingardagur	Þingskjal	Flutningsmaður
20.06.2020	1755 breytingartillaga	Ólafur Þór Gunnarsson
22.06.2020	1710 frumvarp eftir 2. umræðu	

## Umræða í þingsal

Dags. umræðu	Þingfundur	Tími umræðu	Tegund umræðu
25.06.2020	127. fundur	14:11-14:12 <a href="#">Horfa</a>	3. umræða
26.06.2020	128. fundur	10:33-10:36 <a href="#">Horfa</a>	Framhald 3. umræðu — 2 atkvæðagreiðslur

## Þingskjöl

Útbýtingardagur	Þingskjal	Flutningsmaður
26.06.2020	1877 lög í heild	

# Lög

um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007  
(þjónustustig, fagráð o.fl.).

---

11. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Á heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu skal starfa sérstakt fagráð sem forstjóri heilbrigðisstofnunar skipar.

Forstjóra ber að leita álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu og skipulag heilbrigðisstofnunar.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipan og verklag fagráða heilbrigðisstofnana.



## Samráðsgátt

– opið samráð stjórnvalda við almenning



Samráð fyrirhugað  
08.07.2020–08.08.2020



Til umsagnar  
08.07.2020–08.08.2020



Niðurstöður í vinnslu frá  
08.08.2020



Niðurstöður birtar

# Drög að reglugerð um hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa

Mál nr. 131/2020 | Birt: 08.07.2020

Heilbrigðisráðuneytið | Drög að reglugerð

Málefnasvið: | Sjúkrahúsþjónusta

### Niðurstöður í vinnslu

Umsagnarfrestur er liðinn (08.07.2020–08.08.2020). Umsagnir voru birtar jafnóðum og þær bárust. *Skoða umsagnir.* Niðurstöður samráðsins verða birtar þegar unnið hefur verið úr þeim ábendingum og athugasemdum sem bárust.

### Ábyrgðaraðili

Anna Birgit Ómarsdóttir  
hrn@hrn.is

### Skjöl til samráðs

Drög að reglugerð um hlutverk,  
starfsemi og þjónustu  
heilsugæslustöðva,  
heilbrigðisstofnana og  
sjúkrahúsa

Sækja skjal - 21 kb

### Fjöldi umsagna

2



# REGLUGERÐ

um hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva, heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa.

## I. kafli

Gildissvið, markmið og aðgengi.

### 1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um hlutverk, starfsemi og þjónustu heilbrigðisstofnana heilbrigðisumdæma, heilsugæslustöðvar og sjúkrahús á vegum þeirra. Þá gildir reglugerð þessi um hlutverk, starfsemi og þjónustu Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri.

Reglugerð þessi gildir einnig um hlutverk, starfsemi og þjónustu heilsugæslustöðva eftir því sem við á.

## Fagráð heilbrigðisstofnana.

### 11. gr.

*Skipun og verklag fagráða.*

Forstjórar heilbrigðisstofnana skipa fagráð sem í sitja að minnsta kosti einn fulltrúi lækna, einn fulltrúi hjúkrunarfræðinga og einn fulltrúi annarra heilbrigðisstétta sem eru í föstu starfi innan heilbrigðisstofnunarinnar. Forstjórum stærri heilbrigðisstofnana er þó heimilt að skipa allt að sjö fulltrúa í fagráðið og skal við skipunina gæta jafnræðis milli fagstétta starfandi heilbrigðisstarfsmanna innan stofnunarinnar.

Forstjóra ber að leita álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu og skipulag heilbrigðisstofnunarinnar en er þó ekki bundinn af álitinu.

Fagráð skal kjósa sér formann og annan til vara.

Fagráð skal setja sér starfsreglur sem staðfestar skulu af forstjóra.

Formaður skal í samráði við forstjóra boða til upplýsinga- og samráðsfunda eftir því sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Skipun í fagráð er tímabundin til 3 ára.

# Niðurlagning starfs formanns lækna ráðs LSH

24.07.20

Formaður fékk tölvupóst frá forstjóra Landspítala um að bréf væri á leiðinni um niðurlagningu starfshlutfalls sem formaður lækna ráðs

## Bréf til lækna Landspítala vegna niðurlagningar lækna ráðs

Kæru kollegar,

Þann 26. júní 2020 voru gerðar þær breytingar á lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu að ekki er lengur gert ráð fyrir að lækna ráð starfi áfram í þeirri mynd og með það hlutverk sem verið hefur. Þess í stað er gert ráð fyrir sameiginlegu fagráði lækna, hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta sem forstjóri heilbrigðisstofnunar mun skipa. Reglugerð um skipun þessara fagráða hefur þó ekki verið gefin út.

Stjórn lækna ráðs lítur svo á að forsendur fyrir áframhaldandi starfi lækna ráðs Landspítala séu brostnar samkvæmt lögum. Formanni lækna ráðs var sagt upp störfum í júlí og bréf um niðurlagningu stöðunefndar lækna ráðs Landspítala var sent formanni nefndarinnar 18. ágúst sl.

Þessar breytingar hafa margvíslegar afleiðingar:

- Læknar Landspítala hafa ekki lengur formlegan, sameiginlegan vettvang til umræðna og ályktana í stjórn lækna ráðs sem kosin er af læknum á aðalfundi lækna ráðs
- Forstjóra Landspítala ber ekki lengur lagaleg skylda til þess að leita álits lækna ráðs á mikilvægum málum
- Stöðunefnd lækna ráðs hefur verið lögð niður og þar með umfjöllun lækna um starfsumsóknir sinna kollega
- Fræðslunefnd lækna ráðs hefur haldið uppi öflugum fræðslustarfi til margra ára en skipan og áframhaldandi starf fræðslunefndar er í óvissu
- Almennir lækna ráðsfundir hafa verið vettvangur fyrir samtal og ályktanir fyrir alla lækna spítalans en framhald slíkra funda er óvíst

Stjórn lækna ráðs hefur harðlega mótmælt þessari lagabreytingu frá því hún var kynnt haustið 2019; með því að senda inn skriflegar rökstuddar umsagnir í samráðsgátt stjórnvalda, á fundum með stjórnendum Landspítala, á fundi með heilbrigðisráðherra, á fundi með Velferðarnefnd Alþingis og með blaðagreinum - en án árangurs.

Stjórn lækna ráðs ákvað á fundi sínum í dag 26. ágúst að upplýsa lækna Landspítala um málið með þessum pósti og hvetur lækna til að íhuga og ræða stöðuna.

Félag sjúkrahússlækna (FSL) hefur boðað aðalfund sinn 24. september nk. Þar verður meðal annars umræða um niðurlagningu lækna ráðs. Stjórn lækna ráðs hvetur lækna til þess að taka þátt í aðalfundi FSL og umræðum um hvernig tryggja megi áfram faglegan umræðu- og samráðsvettvang fyrir lækna spítalans. Rödd lækna má ekki þagna!

Fyrir hönd stjórnar lækna ráðs Landspítala,



Anna Margrét Halldórsdóttir  
Starfandi formaður lækna ráðs (til 15. september 2020)

26.8.2020

## Bréf frá stjórn lækna ráðs til lækna Landspítala vegna niðurlagningar lækna ráðs

# Ályktanir stjórnar lækna ráðs

14. júní 2019 [Ályktun varðandi sýkingavarnir á bráðamóttöku Landspítala](#)
3. september 2019 [Ályktun um biðlista svefnrannsókna](#)
23. október 2019 [Ályktun um nýtt skipurit Landspítala](#)
11. desember 2019 [Ályktun um mönnun og álag á lækna á Landspítala](#)
8. janúar 2020 [Ályktun um bráðamóttöku og öryggi sjúklinga](#)
19. febrúar 2020 [Ályktun stjórnar lækna ráðs um greiningu á fjölda stjórnunarstarfa á Landspítala](#)
13. maí 2020 [Ályktun stjórnar lækna ráðs um góðan árangur í baráttu við COVID-19](#)



## Ályktun stjórnar lækna ráðs Landspítala varðandi sýkingavarnir á bráðamóttöku LSH

Bráðamóttaka Landspítalans er fyrsti viðkomustaður um 200 sjúklinga sem leita þangað daglega. Þar fá sjúklingar fyrstu greiningu og hluti þeirra þarfnast innlagnar á legudeildir spítalans. Oft reynist mjög örðugt að finna pláss á legudeildum og því hafa sjúklingar þurft að liggja dögum saman á bráðamóttökunni, sem ekki er hönnuð sem legudeild. Vegna eðli bráðadeildar er þjónusta við sjúklinga ekki sú sama og býðst á legudeildum. Sjúklingar þurfa einnig oft að dvelja í gluggalausum herbergjum, í fjölbýli eða á göngum og þurfa í flestum tilvikum að deila salernum.

Vegna ofangreindra vandamála á bráðamóttöku er oft erfitt að koma við grunnatriðum sýkingavarna sem krefjast lágmarks einangrunar. Sjúklingum sem koma erlendis frá hefur fjölgað á undanförunum árum, en þeir geta borið með sér fjölonæma sýkla. Yfirlæknar á bráðamóttöku, sýkingavarnadeild og sýkla- og veirufræðideild Landspítala hafa allir lýst yfir miklum áhyggjum af ófullkominni einangrun sjúklinga sem mögulega bera nær alónæmar bakteríur. Ljóst er að ástandið verður ekki að fullu lagfært nema með tilkomu nýs meðferðarkjarna, en Lækna ráð Landspítalans skorar á framkvæmdastjórn LSH að grípa þegar í stað til úrræða til að draga úr vandanum. Jafnframt skorar lækna ráð á stjórnvöld að standa við gefin fyrirheit um framkvæmdir við meðferðarkjarnann, en þörf fyrir bættu aðstöðu verður sífellt brýnni, eins og ofangreint erindi varpar ljósi á.

Reykjavík 3. september 2019

## Ályktun læknaáðs um biðlista svefnrannsóknna

Við Landspítalann hefur um nokkurra ára skeið verið starfrækt svefnrannsóknadeild sem sinnir mælingum vegna gruns um svefntengda sjúkdóma og sinnir meðhöndlun og eftirliti sjúklinga með svefntengdan vanda. Einnig fer fram öflugt vísindastarf á deildinni sem hlotið hefur viðurkenningu alþjóðlega í formi styrkja og birtingu greina.

Svefnvandamál, meðal annars kæfisvefn, geta haft mikil áhrif á heilsufar og lífsgæði. Hægt er að halda einkennum kæfisvefns niðri með notkun svefnöndunartækja. Nú fá um 7000 sjúklingar meðhöndlun með svefnöndunartækjum hérlendis.

Við svefndeildina starfa sérmenntaðir læknar og annað fagfólk enda er um sérhæfða starfsemi að ræða. Því miður hefur mönnun deildarinnar verið ófullnægjandi um nokkurt skeið. Afleiðing þess er að biðtími sjúklinga eftir svefnrannsókn lengist sífellt og stefnir í ófni ef ekkert er að gert.

Læknaáð hvetur til þess að viðunandi lausn verði fundin á mönnunarvanda svefnrannsóknadeildar til þess að stytta biðlista svefnrannsóknna og bæta þjónustu við sjúklinga með svefnvandamál. Landspítalinn hefur áður sýnt að með samstilltu átaki má vinna á biðlistum enda eiga sjúklingar rétt á góðri heilbrigðisþjónustu.

Einnig hvetur læknaáð Landspítalann til að styðja við vísindastarfsemi svefnrannsóknadeildar enda styrkir öflugt vísindastarf deildarinnar stöðu spítalans sem háskólasjúkrahúss.

f.h. Stjórnar

Ebba Margrét Magnúsdóttir, formaður

## Ályktun stjórnar lækna ráðs Landspítala um nýtt skipurit Landspítala

Nýtt skipurit Landspítala gerir ráð fyrir nýju lagi stjórnenda milli framkvæmdastjóra og yfirlækna/deildarstjóra, svonefndum forstöðumönnum. Nýverið voru birtar auglýsingar um þessi störf. Athygli vekur að einu menntunarkröfurnar eru „háskólapróf auk formlegrar viðbótarmenntunar sem nýtist í starfi“, en engar kröfur eru gerðar um faglega sérþekkingu eða reynslu á viðkomandi sviði.

Stjórn lækna ráðs telur afleitt að ekki séu gerðar skýrari kröfur um fagmenntun og reynslu lykilstjórnenda sem bera eiga faglega ábyrgð á klínísku sviði. Lækna ráð Landspítala telur í þessu ljósi brýnt að hlutverk forstöðumanna verði skoðað nánar. Ekki síst þarf að tryggja að læknisfræðileg ábyrgð muni liggja hjá læknum einum.

Mikilvægt er að yfirlæknar beri áfram faglega ábyrgð á þeirri læknisþjónustu sem undir þá heyrir. Í nýlegum drögum að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 hefur verið fjarlægð sú grein úr lögum sem kveður á um faglega ábyrgð yfirlækna sérgreina/deilda. Að auki verður skv. frumvarpsdrögum ekki lengur skylt að hafa framkvæmdastjóra lækninga og framkvæmdastjóra hjúkrunar við heilbrigðisstofnanir. Þannig er læknisfræðileg ábyrgð á meðferð sjúklinga á heilbrigðisstofnunum óskilgreind í drögum að nýjum heilbrigðislögum.

Samkvæmt fyrrnefndum frumvarpsdrögum verða bæði lækna ráð og hjúkrunarráð lögð niður en í stað þeirra skal koma þverfaglegt fagrað skipað fulltrúum allra fagstétta. Lækna ráð Landspítala telur að slíkt fagrað muni aldrei hafa sama faglega vægi hvað varðar læknisþjónustu spítalans og lækna ráð hefur haft hingað til.

Stjórn lækna ráðs mótmælir harðlega því að ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir lækna ráði eða hjúkrunarráði í nýju skipuriti Landspítala sem samþykkt var af heilbrigðisráðherra þó gildandi lög segi til um annað.



## Ályktun stjórnar lækna ráðs um mönnun og álag á lækna á Landspítala

Stjórn lækna ráðs lýsir yfir áhyggjum af starfsskilyrðum og vinnuálagi á læknum Landspítala. Eins og kunnugt er hefur álag á mörgum deildum spítalans verið mikið og vaxandi undanfarin ár. Margumrædd skýrsla McKinsey frá árinu 2016 benti á mikilvægi þess að taka mönnun klínískra starfstétta til endurskoðunar. Fram kom í skýrslunni að lækna Landspítala sinntu fleiri heimsóknnum og innlögnum á hvert stöðugildi en erlend samanburðarsjúkrahús og að hlutfall lækna af heildarmannafla Landspítala væri lágt. Setja þarf upp viðmið fyrir hámarksfjölda sjúklinga á hvern lækni sem gæðavísi fyrir þjónustu. Fari hlutfallið yfir ákveðin mörk skal grípa til viðeigandi ráðstafana.

Lækna ráð hefur undanfarin ár ályktað um ýmis efni sem hafa valdið auknu álagi og/eða stuðlað að minni starfsánægju meðal lækna. Þar má nefna víðtækar sparnaðaraðgerðir, skipuritsbreytingar, vinnu við jafnlaunavottun, langa biðlista eftir rannsóknum og skurðaðgerðum, frestanir á skurðaðgerðum, ástand á bráðamóttöku, ófullnægjandi húsnæði, faglega ábyrgð yfirlækna, lyfjaskort, mannauðsmál, innleiðingu nýrra og ófullgerðra skráningarkerfa, starfsskilyrði og aðstöðu til iðkunar vísinda.

Aukin umræða hefur verið um óhóflegt álag og í kjölfar þess kulnun í starfi sem hefur því miður gætt í vaxandi mæli meðal lækna. Lækna ráð ítrekar því fyrri ályktanir um að mæta þurfi vaxandi eftirspurn eftir þjónustu spítalans með því að ráða fleiri lækna og bæta aðbúnað þeirra. Ábyrgð á starfsemi Landspítalans, þjónustu við sjúklinga og öryggi þeirra liggur hjá heilbrigðisyfirvöldum sem ber að tryggja að fjármögnun starfseminnar sé í samræmi við verkefni hennar og hlutverk.



8. janúar 2020

## **Ályktun stjórnar lækna ráðs um bráðamóttöku Landspítala og öryggi sjúklinga**

Stjórn lækna ráðs Landspítala ítrekar fyrri ályktanir sínar um erfiðar aðstæður á bráðamóttöku Landspítalans hvað varðar álag, plássleysi, mönnun og sýkingavarnir og þar með öryggi. Nýlegar fréttir af atvikum á bráðamóttöku sýna því miður fram á hve viðkvæmt ástandið getur verið. Það hlýtur að vera forgangsmál að tryggja öryggi bráðveikra sjúklinga, meðhöndlun sjúklings í sjúkrabíl vegna plássleysis á bráðamóttöku er dæmi um óásættanlega stöðu. Heilbrigðiskerfi er einn af hornsteinum nútímasamfélags en fjármögnun til heilbrigðismála á Íslandi er enn undir meðaltali Norðurlanda. Stjórn lækna ráðs skorar á heilbrigðisyfirvöld að auka fjárveitingar til Landspítalans þegar í stað. Stjórn lækna ráðs skorar einnig á framkvæmdastjórn Landspítalans að grípa strax til þeirra aðgerða sem mögulegar eru miðað við núverandi fjárveitingar.

Endurreisn heilbrigðiskerfisins þolir enga bið!

## **Ályktun stjórnar læknaáðs um greiningu á fjölda stjórnunarstarfa á Landspítala**

Boðaðar hafa verið aðhaldsaðgerðir á Landspítala vegna ónógra fjárveitinga miðað við núverandi rekstur spítalans. Framkvæmdastjórn spítalans hefur lýst því yfir að reynt verði að hlífa klínískri þjónustu sem er virðingarverð forgangsröðun.

Víða erlendis hefur kostnaður hins opinbera við stjórnsýslu í heilbrigðiskerfinu margfaldast undanfarna áratugi samfara aukningu á fjölda starfsmanna í stjórnunar- og skrifstofustörfum á meðan fjöldi klínískra starfsmanna hefur vaxið mun hægar. Stjórn læknaáðs hefur óskað eftir greiningu á fjölda stjórnenda, svo sem verkefnisstjóra og annarra starfsmanna sem ekki sinna klínískum störfum, á Landspítala. Stjórn læknaáðs hvetur Landspítala til þess að birta niðurstöður slíkrar greiningar og til að rannsaka hvort þar séu tækifæri hvað varðar aðhaldsaðgerðir.

Stjórn læknaáðs leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja störf og starfsaðstæður sérhæfðs heilbrigðismenntaðs starfsfólks sem sinnir sjúklingum á Landspítala, enda skulu hagsmunir og þarfir sjúklinga vera leiðarljós í þjónustu, rekstri og skipulagi spítalans.

13. maí 2020

## **Ályktun stjórnar læknaáðs Landspítala um góðan árangur í baráttu við COVID-19**

Stjórn læknaáðs fagnar þeim góða árangri sem náðst hefur á Íslandi í baráttu við COVID-19 faraldurinn hingað til. Vert er að þakka ríkisstjórn landsins og heilbrigðisyfirvöldum fyrir þeirra þátt og ekki síst þá stefnu að hlíta ráðum sérfræðinga varðandi lykilákvarðanir. Embætti Landlæknis og sóttvarnarlæknis eiga ásamt Almannavörnum þakkir skyldar fyrir faglega handleiðslu og upplýsingagjöf. Landspítalinn sýndi hvers hann er megnugur þegar á móti blæs. Starfsemi Landspítalans var umbylt á stuttum tíma og er óhætt að segja að þar hafi náðst góður árangur. Starfsfólk spítalans hefur sýnt mikinn sveigjanleika og dugnað, oft við erfiðar aðstæður.

Stjórn læknaáðs vekur athygli á því að þessi góði árangur er ekki sjálfgefinn heldur er hann þakkarverður. Jafnframt er mikilvægt að gleyma ekki mikilvægi Landspítalans og heilbrigðiskerfisins alls nú þegar fyrsta bylgja faraldursins virðist yfirstaðin. Efnahagur landsins hefur orðið fyrir áfalli og ljóst er að róðurinn þyngist fyrir ríkissjóð. Mikilvægt er að tryggja nægar fjárveitingar til Landspítalans í framtíðinni því heilbrigði er bæði mannréttindi og góð fjárfesting. Sömuleiðis er næsta víst að COVID-19 er ekki úr sögunni og tryggja þarf að Landspítali verði í stakk búinn til þess að takast á við næstu bylgjur faraldursins.

# Almennir lækna ráðsfundir 2019-2020

9. október 2019

Nýtt skipurit og sparnaður á Landspítala

15. nóvember 2019

Framhaldsfundur um nýtt skipurit og sparnað

13. desember 2019

Jólafundur lækna ráðs

10. Janúar 2020

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

6. mars 2020

Sérnám á Landspítala: Tómas Þór Ágústsson

# Ályktanir almennra lækna ráðsfunda

15. nóvember 2019

[Ályktun um jafnlaunavottun](#)

15. nóvember

[Ályktun um sparnaðaraðgerðir](#)

15. nóvember 2019

[Ályktun um skipurit Landspítala](#)

## Ályktanir lækna ráðs Landspítala um skipurit Landspítala

### Ályktun 1;

- Almennur fundur lækna ráðs Landspítala haldinn 15. nóvember 2019 hafnar skipulagsbreytingum forstjóra Landspítala sem heilbrigðisráðherra staðfesti í september s.l. og tóku gildi þ. 1. október 2019.
- Þrátt fyrir staðfestingu ráðherra telur fundurinn nýja skipuritið ekki í samræmi við fagleg sjónarmið og ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu hvað varðar faglega ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga og yfirlækna sérgreina og sérdeilda.
- Hvetur fundurinn ráðherra til að sjá til þess að skipurit sjúkrahússins fylgi lögum og taki mið af tveim vönduðum umsögnum Umboðsmanns Alþingis um stjórnskipulagsmál Landspítala sem birt voru í febrúar 2007 og í byrjun september 2019 (mál nr. 4456/2005 og mál nr. 9841/2018).

### Ályktun 2;

- Almennur fundur lækna ráðs Landspítala 15. nóvember 2019 telur mikilvægt að endurskoðun á lögum um heilbrigðisþjónustu fari fram með víðtæku samráði við fagfólk.
- Tryggt verði að slík endurskoðun feli í sér að yfirlæknar sérgreina og sérdeilda beri áfram faglega ábyrgð á þeirri lækniþjónustu sem undir þá heyrir gagnvart framkvæmdastjóra lækninga og að sjálfstætt lækna ráð starfi áfram með þeim hætti sem verið hefur um áratuga skeið.

### Ályktun 3;

- Almennur fundur lækna ráðs Landspítala 15. nóvember 2019 hvetur til umræðu um að skipuð verði stjórn yfir Landspítala með aðkomu fagaðila. Slík stjórn m.a. ráði forstjóra, tryggi fjármögnun og sjái til þess að spítalinn sinni þriðjættu hlutverki sínu sem lækningastofnun, kennslu- og vísindastofnun.



## Ályktun lækna ráðs Landspítala um jafnlaunavottun

Almennur lækna ráðsfundur þann 15. nóvember 2019 mótmælir harðlega því breska kerfi sem Landspítalinn hefur valið að nota til jafnlaunavottunar. Þrátt fyrir ítrekuð andmæli og virka upplýsingagjöf af hálfu lækna ráðs og læknafélaga hafa stjórnendur spítalans haldið áfram að meta störf lækna með tæki sem tekur hvorki tillit til eðlis læknisstarfsins né menntunarkröfu lækna. Læknar munu hvorki sætta sig við að þeirra sjónarmið verði hunsuð, né að spítalinn fái jafnlaunavottun með þessum hætti, í andstöðu við lækna. Lækna ráð hvetur yfirstjórn spítalans til þess að hverfa af þessari braut en nota þess í stað jafnlaunakerfi sem aðrar íslenskar heilbrigðisstofnanir hafa notað með farsælum hætti.

Samkvæmt forsætisráðherra, Katrínu Jakobsdóttur, er ólíklegt að það takist að klára innleiðingarferli jafnlaunavottunar hjá þeim fjölmörgu stofnunum sem samkvæmt lögum skuli öðlast vottun fyrir áramót. Því telst eðlilegt að Landspítalinn, sem langstærsti vinnustaður landsins, taki sér þann tíma sem til þarf að ljúka undirbúningi jafnlaunavottunar í fullri sátt við allar starfsstéttir spítalans.

## Ályktun lækna ráðs Landspítala um sparnaðaraðgerðir á Landspítala

Almennur lækna ráðsfundur þann 15. nóvember 2019 harmar að Landspítalinn skuli ítrekað vera þvingaður til þess að grípa til róttækra sparnaðaraðgerða sem munu væntanlega koma niður á þjónustu við sjúklinga. Aukin fjárförf Landspítala á sér ýmsar orsakir svo sem aukið umfang þjónustu vegna nýrra verkefna, tilkomu nýrra lyfja auk vaxandi fólksfjölda.

Þó ráðdeild sé nauðsynleg bendir lækna ráð á að nægjanlegt fjármagn þarf að fylgja nýjum verkefnum sem Landspítala er úthlutað, en misbrestur hefur verið á því. Einnig þarf að fjármagna kjarasamninga með fullnægjandi hætti en það hljómar ankannalega að 4-5 ára gömlum kjarasamningum við lækna sé endurtekið kennt um hallarekstur Landspítala.

Erlendar úttektir hafa endurtekið sýnt fram á verulega hagkvæmni í rekstri spítalans og arðsemi fyrir þjóðfélagið.

McKinsey skýrslan sýndi fram á að mönnun lækna á Landspítala er minni en á erlendum samanburðarsjúkrahúsum og mikið álag er á læknum spítalans skv. nýlegri könnun Læknafélags Íslands. Því er mikilvægt að í komandi sparnaðaraðgerðum verði ekki þrengt að almennum starfsmönnum enda mun það óhjákvæmilega bitna á sjúklingum. Brýnt er að tryggja störf og góðar starfsaðstæður heilbrigðismenntaðs starfsfólks sem vinnur við meðferð og aðhlyningu sjúklinga en draga úr áherslu á stjórnunar- og skrifstofustörf.

Lækna ráð telur óásættanlegt að dregið verði úr fjárveitingum til byggingar nýs Landspítala. Frekar ætti að auka fjárveitingar og flýta framkvæmdum enda þolir ástandið enga bið.



# Pistlar og fréttir um lækna ráð Landspítala

Starfsárið 2019-2020

Ebbt Magnúsdóttir, Læknaráðs, s mikilvægar læknar star. Þeir eigi ekki sundraðir að m úr á

■ ■ ■ Gunnhildur Au

# Tím eða fr

## Spítalalæknar ur yfir örlögum læki framtíð f

Logabreytingin sem leggur niður la starfandi formaður Læknaráðs La Læknaráðs nú horfið ú

■ ■ ■ Gunnhildur Au

Mikið álag á bráðamóttöku Landspítala tekið fréttastefni í fjólmíðlum landeina Vandamálið heiti lengi verið til umna límbætti landlæknis meðal annars ger aþugasemdir í kjölfar útskrá. Staða fjöldi sjúklinga í að jafnaði á göngum b innar bófandi eftir plássi á legudeildu sem er talið sjúklingum hættulegt. Mí son yfirleiknir smitþökkómálakninga í óboðlegu stöðu vel í vöðvalli í Læknablaði („Stóralys í aðeigi á bráðamóttökunni“). Í kjölfarið hélt Félag sjúkráðgjafna fund þar sem samþykkt var harðbót ályk á. Læknaráð Landspítala sendi frá sér þ ir um vanda bráðamóttökunnar á aðrir fyrst 10. desember 2018, næst 14. júní í 8. janúar 2020. Þrátt fyrir standurtakin lækna virtist lítið um viðbæti.

Það hitaði svo röklega í kolum um Læknaráðsforndi á Landspítala m Svavardóttur heilbrigðisráðgjafna þar þegar Ragnar Freyr Ingvarsson læknir „neyðarástænda og skilfingarfærður“ á b umni. Þremur dögum síðar, þann 16. janú ákveðnum um ákþun sérstaka átalshög inlegum fundi heilbrigðisráðgjafna, la forstjóra Landspítala.

Eftirast hafa einhverjir hrist höfuðið ir báruast að stofnun „átalshöpa“ enda Landspítala og heilbrigðisráðgjafna fa undanfarið ár og smertir í rann all þ valdeisbarkaríð skýrsla hópsins var ky diar síðastliðinn og þar voru lagðar fram sem raðað var í forgangsröð og með til fyrsta tillagan er að „forstjóri og framkv Landspítala taki þegar í stað stef ákveðnum um að sjúklingar á bráðam alana sem þurfa innlögð flytjast á viðe dældir sem fyrst“. Samdægurs var sam lega á fundi framkvæmdastjórnar spita að tillögum og tekin ákveðnum um a skali ekki bíla innlagnar lengur en 6 kíu Mat tveggja eilendra sértraðinga fylgd þar sem fram kom að ekki heiti verið vandana og að Landspítali þyrfti að tak ystahlutverk við útlösn hans.

Ekki getur rými í þessum leiðara t námar frá efni skýrslunnar og öðru hópsins en þegar þetta er ritað hafa or ar breytingar á bráðamóttökunni. Sjúk

„Læknar eru bæði voraváknir og óeignit yfir þessari atvunðun“, segir Anna Mía grét Halldórsdóttir, starfandi formaður læknaráðs, um þá breytingu sem vað á heilbrigðisölgum í sumar sem leggur læknaráð heilbrigðisstofnana niður. Ráð sendi læknar á Landspítala þrátt 26. ág vegna stöðunnar.

„Stjórn læknaráðs lítur svo á að forsendur fyrir áframhaldandi starfi læknaráðs Landspítala séu brotnar sam kvæmt ölgum“, segir í því. Stjórn ráðs heiti í aðdraganda lagabreytinganna ha lega gagnrýnt þar „en án árangurs.“ Ráð heiti lækna til að öþaga og ræð stöðuna.

„Við skiljum ekki af hverja var það í þessa vegferð og hvernig hún á að leða göða“, segir Anna Margrét í samtali við Læknablaðið.

„Þetta eru neikvæðar breytingar að okkar mati. Við læknar höfum lagt okki fram um að vera röðd góðar heilbrigðu þjónusta, röðd sjúklinga og látið vita ef vandi er til staðar í starfsemi spítalans - stöðvæð þarf að lagfæra.“

En er lagabreytingin þá liður í að þá niður í læknar? „Maður fær þá óneta lega á tilfinninguna. Það eru engin samr færandi rök fyrir þessum breytingum o beirðnis brúð að segja við lækna að þei hadi verið með óþægilega gagnrýni. Okki ur líður því mörgum eins og verið sé að þagga niður í læknar.“

Anna Margrét bendir á að læknaríð fyrst og fremst vettvangur fyrir faglega umfjöllun um starfsemi spítalans. „Það að einhver vill hugaonega þagga niður því er óskiljanlegt“, segir hún. Læknaríð viti ekki hvort gæti sé ráð fyrir samræðvettvangi lækna innan spítalans eftir breytingarnar.

# Læknar bæði



Landspítali in Fossi



Setja bókamerkið

# Læknar áð og vandi Landspítalans



Anna Margrét Halldórsdóttir starfandi formaður læknaráðs Landspítala



M álefni Landspítalans, sérstaklega bráðamóttökunnar, hafa verið í brennidepli umræðunnar undanfarnar vikur. Starfsfólk Landspítalans, bæði læknar og hjúkrunarfræðingar, hefur komið fram í fjólmíðlum og rætt þá erfiðni stöðu sem uppi er. Það sem helst brennur á læknar Landspítalans er að stöflit oftar kemur upp sú staða að þeir eiga erfiðt með að veita sjúklingum sínum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á og sem læknar ber að veita samkvæmt læknaeðlum. Vegna álags getur verið mikill þrýstingur á starfsfólki að vinna hraut og útskrifa sjúklinga sem fyrst en það samrýmt ekki alltaf bestu hagnumum og öryggi sjúklinga. Til að veita göða heilbrigðisþjónustu þarf tíma, nægt starfsfólk og aðstöðu – og þar með nægt fjármagn.

Það liggur fyrir að vandamál Landspítalans í dag er hægt að rekja mörg ár aftur í tímann. Skortur á uppbyggingu og viðhaldi húsnæðis og bið eftir „nýjum“ Landspítala er sorgarsaga. Sérúmsleisni þess fjármögnun Landspítalans lengi verið ófullnægjandi. Kröfur voru um niðurskurð, jafnvel á árunum fyrir hrun, og stórfelldur niðurskurður

eftir hrunið skapaði erfiðleika sem enn er ekki búið að vinna úr. Framlög ríkisins til Landspítalans á hvern líða máða hámarki árið 2005, um 170 þúsund kr. Ábúa á verðlagi ársins 2018, en hröpuðu niður í 119 þúsund kr. Ábúa árið 2019. Stöðu ári hafa fjárframlög farið hækkaandi og voru 166 þúsund kr. Ábúa árið 2017. Auknar fjárfreitingar til spítalans daga þó ekki til að bæta upp áralangt sveiti og mæta aukinni eftirspurn eftir þjónustu, meðal annars vegna öldrunar þjóðarinnar og stóru aukins ferðamannastraums. Því til viðbótar má nefna að þjónusta frá ýmsum öðrum stofnunum, einkum á SV-horni landsins, hefur verið ferð til Landspítalans án þess að fullnægjandi fjárfreitingar hafi ávallt fylgt slíkum breytingum.

Fjármögnun til heilbrigðismála á Íslandi (8,3% af landsframleiðslu árið 2018) er lægri en á öðrum Norðurlöndum og nær ekki meðal- og stórgildum OECD-riksja sem eru 8,8% af vaxtri landsframleiðslu (GDP). Ríkisstjórn landsins hefur því verðugt verkefni að vinna, bæti heilbrigðisþjónustunni, en ekki stóru fjármálaráðuneytið sem skvæðar á heilbrigðisþjónustunni.

Læknar áð Landspítalans hefur í árunna rás endurtekið sent frá sér ályktanir sem líta að vandamálum spítalans, nú síðast um vanda bráðamóttökunnar og fjármögnun heilbrigðisþjónustunnar. Læknar áð hefur verið röðd lækna spítalans úr á við. Vandir bráðamóttökunnar endurspeglar vandamál spítalans í heild sinni og um leið heilbrigðis-



Það liggur fyrir að vandamál Landspítalans í dag er hægt að rekja mörg ár aftur í tímann. Skortur á uppbyggingu og viðhaldi húsnæðis og bið eftir „nýjum“ Landspítala er sorgarsaga.



kerfisins alls. Mikilvægt er að vandinn sé ræddur opinískt til þess að hægt sé að leita lausna. Heilbrigðisráðgjafna hefur fengið samþykka metnaðarfulla heilbrigðisráðgjafna og vinnur einnig ótallega að ýmsum mikilvægum verkefnum svo sem uppbyggingu hjúkrunarrýma og heilsugælu. Metnaður ráðgjafna til þess að bæta heilbrigðiskerfið fer ekki fram hjá neinum. Læknar áð fagnar því að ráðgjafna komi á fundi þess og ræði milli millilöngvíst við lækna spítalans, enda eru læknar leiðtoga í heilbrigðisþjónustu eins og heilbrigðisráðgjafna bent á. Mikilvægt er að ráðgjafna og aðrir ráðgjafna leggi við hlustir og taki til sín eindregin varnaraðgerðir lækna og annarra heilbrigðisstétta, enda eru þau ekki sett fram að tilefnislausu.

Læknar áð hefur ásamt hjúkrunarráði þáð hlutverk síkv. ölgum

um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um fagleg atvrið í rekstri heilbrigðisstofnana. Læknar áð hefur undanfarið ár birt fjólmargar ályktanir sem líta að þeim vandamálum og áskorunum sem blasa við Landspítalanum. Mikilvægt er að fagfólk hafi vettvang til þess að koma stjórnvöldum stum á framferð og þar af leiðandi hefur læknar áð gert alvarlegar aþugasemdir við nýframsett frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu en þar er lagt til að fella út úr heilbrigðisölgum ákveðið um að á háskóla- og kreunslúðkraðslum skulu vera starfandi bæði læknar áð og hjúkrunarráð. Í umöng læknar áð um frumvarpið um segir:

„Mikill meirihluti allrar klínískrar þjónustu er veittur af læknar og hjúkrunarfræðingum. Því telst eðlilegt að þessir tveir langstærstu fagstéttir heilbrigðisstarfsmanna myndi sérstök fagrúð sem eru forstjóra stofnunar til ráðuneytis um fagleg klínísk mállefni. Ráðgjöf þessara sérfræðinga er lykilatriði í faglegri stjórnun í heilbrigðiskerfinum.“ Læknar áð skorar á velferðarmetnað Alþingis, sem hefur málið til umfjöllunar, að endurskoða umrædda lagabreytingu. Mikilvægt er að röðd læknar áðs Landspítala hljómi áfram lendi og lýði til heilla.

Só mikla umræða sem átt hefur sést stað um stöðu Landspítalans og íslenska heilbrigðisþjónustunnar undanfarnar vikur mun vöndandi skila sér í auknum skilningi ráðgjafna og þar með mögum fjárfreitingum til þess að vinna upp fjárfskort undanfariðna tveggja áratuga.

# Verð

„Það er m ásamt Læ Félagi alr ala, forstj okkar me vottunar. Ebbu Mæ sjúki ekki í fyrir ánsk Læknar kerfi sem En verðu

heil  
Anr  
has

Landspítalans, segir við Læknablaðið að þessar breytingar séu neikvæðar. Hún er spurð að því hvort lagabreytingin sé liður í að þagga niður í læknar.

Andstaða við að leggja niður lækna- og hjúkrunarráð

# Stöðunefnd lækna ráðs Landspítala

Skýrsla fyrir starfsárið 2019-2020

# Stöðunefnd lækna ráðs Landspítala

Hlutverk stöðunefndar lækna ráðs er að fjalla um og meta umsækjendur þegar ráðið er í störf sérfræðilækna við Landspítala.

**Formaður**

Orri Þór Ormarsson

**Geðsvið**

Magnús Haraldsson / Nanna Briem (varam)

**Kvenna- og barnasvið**

Brynja Ragnarsdóttir / Orri Þór Ormarsson (varam)

**Lyflækningasvið**

Ragnar Pálsson / Dóra Lúðvíksdóttir (varam)

**Skurðlækningasvið**

Helgi Karl Engilbertsson / Halldór Skúlason (varam)

**Aðgerðasvið**

Kristinn Örn Sverrisson / Sigurbjörg Skarphéðinsdóttir

**Flæðisvið**

Helga Eyjólfsdóttir / Theodór Friðriksson (varam)

**Rannsóknarsvið**

Halldór Benediktsson / Guðmundur Sigþórsson (varam)

# Árskýrsla stöðunefndar Læknaráðs LSH starfsárið maí 2019-maí 2020

Orri Þór Ormarsson tók við formennsku í maí 2019 af Maríu I. Gunnbjörnsdóttur  
Starfsemi stöðunefndar endurskipulögð til að gera afgreiðsluferli umsókna skilvirkara

Í heild voru **20 auglýstar stöður í alls 12 sérgreinum** (allar 100%)

- Í 6 tilfellum voru engir umsækjendur
  - 3 stöður á svefndeild
  - 2 í geðlækningum
  - 1 í öldrunarlækningum
- Í 14 tilfellum bárust umsóknir um stöður í 9 sérgreinum þar af
  - 5 í svæfingu
  - 2 í krabbameinslækningum
- 3 umsækjendur voru dæmdir vanhæfir (töluðu ekki íslensku)

## Auglýstar stöður og umsóknir maí 2019- maí 2020

Ár	Sérgrein	Starfshlutfall %	Auglýstar stöður	Fjöldi umsækjenda
2019	Brjóstholsskurðlækningar	100	1	1
	Kvensjúkdómalækningar	100	1	4
	Röntgen	100	1	2
	Svæfinga- og gjörgæslulækningar	100	3 (2 auglýsingar)	3
2020	Hjartalækningar	100	1	1
	Krabbameinslækningar	100	2 (2 auglýsingar)	2
	Lungnalækningar	100	1	1
	Skurðlækningar	100	1	4
	Svæfinga- og gjörgæslulækningar	100	2	4 (3 vanhæfir) +1



# Stöðunefnd lögð niður 18. ágúst 2020

Orri Þór Ormarsson  
Skeiðarvogur 45  
104 Reykjavík  
kt. 011165-4949

Reykjavík, 18. ágúst 2020

## Efni: Niðurlagning stöðunefndar lækna ráðs

Með breytingum á lögum nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu sem gerðar voru þann 26. júní 2020 er ekki lengur gert ráð fyrir að lækna ráð, hjúkrunarráð og eftir atvikum önnur fagråd á Landspítala starfi áfram í þeirri mynd og með það hlutverk sem verið hefur<sup>1</sup>.

Lagabreytingar þessar hafa nú þegar tekið gildi og því ekki lengur forsendur fyrir þeirri starfsemi sem leitt hefur af þágildandi starfsreglum lækna ráðs innan Landspítala, en þar undir fellur meðal annars stöðunefnd ráðsins.

Með vísan til þessa var það ákveðið í framkvæmdastjórn á fundi þann 11. ágúst sl., að frá og með þeim degi yrði hætt að senda umsóknir um störf sérfræðilækna til stöðunefndar lækna ráðs.

Vakin er athygli á því að stöðunefnd lækna sem starfar skv. 35. gr. laga um heilbrigðisþjónustu starfar áfram óbreytt, og metur faglega hæfni umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra lækninga og annarra stjórnenda lækninga á heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur.

Landspítali þakkar þér á þessum tímamótum kærlega fyrir þitt framlag og samstarfið á vettvangi stöðunefndarinnar.

Viljir þú óska eftir frekari rökstuðningi fyrir framangreindri ákvörðun skal þeirri ósk beint til undirritaðrar.



Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðsmála á Landspítala

Afrit:  
Forstjóri Landspítala

<sup>1</sup> Breytingin felur í sér að lækna ráð og hjúkrunarráð eru ekki lengur lögbundin. Eftir breytinguna orðast 13. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 svo: „Á heilbrigðisstofnunum sem reknar eru af ríkinu skal starfa sérstakt fagråd sem forstjóri heilbrigðisstofnunar skipar. Forstjóra ber að leita álits fagráðs um mikilvægar ákvarðanir sem varða heilbrigðisþjónustu og skipulag heilbrigðisstofnunar. Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um skipan og verklag fagráða heilbrigðisstofnana.“. Unnið er að stofnun eins fagráðs á Landspítala samkvæmt nýju lögnum.



# Fræðslunefnd lækna ráðs Landspítala

Skýrsla fyrir starfsárið 2019-2020

# Fræðslunefnd Læknaráðs 2019-2020

Hlutverk fræðslunefndar læknaráðs er að skipuleggja, stjórna og auglýsa fræðslufundi á vegum ráðsins. Nefndin beitir sér fyrir því að finna efni og fá innlenda og erlenda fyrirlesara í samvinnu við deildir spítalans eða aðila utan hans.

<b>Formaður</b>	Ásgerður Sverrisdóttir
<b>Geðsvið</b>	Valdís Fríða Manfreðsdóttir / Lára Björgvinsdóttir (varam)
<b>Kvenna- og barnasvið</b>	Ásgeir Thoroddsen / Sverrir Stephensen (varam)
<b>Lyflækningasvið</b>	Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir / Birgir Jóhannsson (varam)
<b>Skurðlækningasvið</b>	Ingvar Hákon Ólafsson / Aðalsteinn Arnarson (varam)
<b>Aðgerðasvið</b>	Kristinn Sigvaldason / Sigurjón Örn Stefánsson (varam)
<b>Flæðivið</b>	Hjalti Már Björnsson / Páll E. Ingvarsson (varam)
<b>Rannsóknarsvið</b>	Sigurveig Þ. Sigurðardóttir / Sigfús Þór Nikulásson (varam)

# Ársskýrsla fræðslunefndar 2019-2020

- Fræðslufundir voru haldnir eins og undanfarin ár annan föstudag hvers mánaðar í Hringsal og alls voru 4 fundir haldnir á haustmánuðum með hefðbundnu sniði. Í sparnaðarskyni voru kaffi- og brauðveitingar ekki lengur í boði spítalans en fundirnir voru haldnir kl. 08.00- 09.00.
- Fundirnir voru að jafnaði vel sóttir og fundarefnið fjölbreytt og áhugavert fyrir hinn breiða hóp lækna. Meðal annars flutti Dagur B. Eggertsson borgarstjóri erindi á nóvemberfundinum og á jólafundinn kom Vera Illugadóttir og rakti söguna um ævintýralegan leiðangur ungra breskra aðalsmanna á Grænlandsjökli. Í lok fundarins voru kollegar sem létu af störfum á árinu vegna aldurs einnig heiðraðir. Fræðslufundir ársins 2020 hófust með komu Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra. Efni fundarins komst í fréttir fjölmiðla sama dag og urðu nokkuð heitar umræður í þetta sinn. Febrúarfundurinn um Nóbelsverðlaunin í læknisfræði og efnafræði féll óvænt niður vegna ofsafengins verðurs á höfuðborgarsvæðinu en var fluttur til maí og var þá á fjarfundarformi eingöngu í gegnum „Workplace“. Engir fundir voru haldnir í Hringsal frá byrjun marsmánaðar vegna COVID-19 faraldursins.
- Á starfsárinu voru starfsmenn heilbrigðis- og upplýsingatæknisviðs liðtækir við að ræsa fjarfundabúnaðinn í Hringsal og tengjast Blásölum þegar þeir fundarsalir voru notaðir og síðar í Skaftahlíð. Þeim eru færðar bestu þakkir fyrir framlagið og skjót viðbrögð við að koma fundum á internetið þegar fundarbann setti mark sitt á starfsemi spítalans. Í lok þessa starfsárs vil ég að auki þakka þeim nefndarmönnum sem hafa lagt sig fram í góðu og hugmyndaríku samstarfi.

Fyrir hönd fræðslunefndar Læknaráðs LSH, Ásgerður Sverrisdóttir

# Fræðslufundir Læknaráðs starfsárið 2019-2020

13. September Fyrirlesari: Elínborg Jónsdóttir, lögfræðingur  
Titill: Persónuvernd - þurfum við að huga að því?
11. Október Fyrirlesari: Magnús Karl Magnússon, svæfinga- og gjörgæslulæknir  
Titill: Samtal um heilbrigðismál
8. Nóvember Fyrirlesari: Dagur B. Eggertsson, læknir og borgarstjóri  
Titill: Heilsuborgin - samband skipulags og heilsu.
13. Desember Fyrirlesari: Vera Illugadóttir, fjölmiðlakona  
Titill: Í ljósi sögunnar
10. Janúar Fyrirlesari: Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra
14. Febrúar Fundur fell niður vegna veðurs
13. Mars Fyrirlesari: Lovísa B. Ólafsdóttir, smitsjúkdómalæknir  
Titill: COVID-19
8. Maí Fyrirlesari: Sigurður Ingvarsson, prófessor og forstöðumaður á Keldum  
Titill: Hif umritunarpáttur og Nóbelsverðlaunin í Líf- og læknisfræði árið 2019.  
Best þekktu sameindaferlið sem tekur þátt í súrefnisjafnvægi.

# Valnefnd lækna ráðs Landspítala

# Valnefnd lækna ráðs LSH

Hlutverk valnefndar lækna ráðs er að tryggja að fyrir hverjar kosningar liggi fyrir að minnsta kosti eitt framboð til allra embætta í stjórn og nefndum lækna ráðs.

<b>Formaður</b>	Birna Guðrún Þórðardóttir (hætti 2019)
<b>Geðsvið</b>	Birna G. Þórðardóttir / Ísafold Helgadóttir (varam)
<b>Kvenna- og barnasvið</b>	Ragnheiður O. Árnadóttir / Dagbjört B. Sigurðardóttir (varam)
<b>Lyflækningasvið</b>	Sunna Snædal / Signý Vala Sveinsdóttir (varam)
<b>Skurðlækningasvið</b>	Kristín Huld Haraldsdóttir / Helgi Kjartan Sigurðsson (varam)
<b>Aðgerðasvið</b>	Einar Páll Indriðason / Edda Vésteinsdóttir (varam)
<b>Flæðisvið</b>	Baldur Helgi Ingvarsson / Ása Elísa Einarsdóttir (varam)
<b>Rannsóknarsvið</b>	Jóhann Davíð Ísaksson / Brynja Ármannsdóttir (varam)

## **Nefndir og stjórnir á Landspítala með tilnefningum læknaáðs**

Lyfjanefnd

Siðanefnd heilbrigðisrannsókna

Siðfræðinefnd Landspítala

Vísindasjóður Landspítala

Eftirlitsnefnd um sjúkraskrár





Undirbúningsnefnd um stofnun og  
hlutverk nýs lækna ráðs

# Undirbúningsnefnd um stofnun og hlutverk nýs lækna ráðs

Stjórn lækna ráðs Landspítalans hefur ákveðið að setja saman **undirbúningsnefnd** sem fær það hlutverk að undirbúa stofnun „**nýs lækna ráðs Landspítala**“.

Nefndin skili tillögum sem skilgreina hlutverk, samsetningu og starfshætti hins nýja lækna ráðs og boði til stofnfundar nýs lækna ráðs Landspítala eigi síðar en í janúar 2021 ef mögulegt er.

Eftirfarandi lækna hafa samþykkt að taka þátt í störfum undirbúningsnefndarinnar og kunnum við þeim bestu þakki fyrir:

Berglind Bergmann Sverrisdóttir

Guðrún Dóra Bjarnadóttir

Helga Ágústa Sigurjónsdóttir

Rafn Hilmarsson

Þorbjörn Jónsson

sérnámslæknir í lyflækningum

sérfræðilæknir, geðþjónusta

sérfræðilæknir, meðferðarsvið

sérfræðilæknir, þvaggfæraskurðlækningar

sérfræðilæknir, Blóðbankinn